

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndi og gagnstefnandi, stjórn h/f Fells í Vestmannaeyjum, f. h. félagsins skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, stjórnar h/f Maí, Reykjavík, í aðalsök. Hins vegar skal gagnstefndi og aðalstefnandi greiða gagnstefnanda, stjórn h/f Fells, f. h. félagsins, kr. 11.180.00 í skaðabætur ásamt 5% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 að telja og til greiðsludags, sem og málskostnað í báðum sökum, kr. 800.00, allt innan 4 vikna (sic) frá lögbirtingu dóms þessa. Þá til-dæmist og sjóveðréttur til handa stjórn h/f Fells í v/s Marz, RE 27. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. nóvember 1953.

Nr. 54/1950. **Pétur Njarðvík** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Kristjáni Kjartanssyni f. h.

Tanke Hjemgaards (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1950. Krefst hann sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 26. janúar 1950. Lagði stefndi, sem var sækjandi málsins í héraði, þá fram auk stefnu og greinargerðar m. a. matsgerð dómkvaddra manna, dags. 10. janúar 1949. Taldi stefndi áfrýjanda til skuldar leigu „fyrir afnot eigna hans og réttinda hér á Siglufirði frá 18. júlí 1940 til 17. ágúst 1945“, samtals kr. 44225.00, en fjárhæð sú er byggð á niðurstöðum matsgerðar þeirrar, er áður greinir.

Af hálfu stefnda í héraði var ekki sótt þing, er málið var þingfest, og var málið því þegar lagt í dóm af umboðsmanni stefnanda.

Eins og áður greinir, gerir stefndi í máli þessu kröfu um leigugjald úr hendi áfrýjanda fyrir nýtingu tiltekinna eigna og réttinda. Matsmenn segja hins vegar í matsgerð sinni, að þeir hafi við leigumatið lagt til grundvallar, „hvað hægt væri að hafa upp úr hinu leigða, með því að nota það til fullnustu.“ Hafa matsmenn því ekki lagt til grundvallar matinu leigugjald af eignum á frjálsum markaði. Þrátt fyrir þennan augljósa galla á matsgerðinni, reisti héraðsdómari dóm sinn í málinu á henni. Að svo vöxnu máli þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Þrátt fyrir þessi málalok, ber að dæma áfrýjanda, sem ekki sótti þing í héraði og ekki hefur sannað lögmæt forföll, til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Pétur Njarðvík, greiði stefnda, Kristjáni Kjartanssyni f. h. Tanke Hjemgaards, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 25. marz 1950.

Mál þetta, sem var dómtekið 26. jan. s.l., hefur Kristján Kjartansson f. h. Tanke Hjemgaard, Nordbø, Karmøy, Haugasundi í Noregi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. des. 1949, gegn Pétri Njarðvík, Grænagerði í Ísafirði, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 44.225.00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1946 og málskostnaði samkvæmt reikningi að fjárhæð kr. 4575.00.

Skuld þessa kveður stefnandi þannig komna, að stefndi hafi tekið til afnota eignir stefnanda í Siglufirði án alls leyfis eða samþykkis. Hefur stefnandi látið meta leigu eftir þessar eignir sínar og nemur leigan að mati dómkvaddra manna stefnukröfunni í máli þessu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, þótt löglega sé honum stefnt.

Samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85/1936 ber því að leggja dóm á málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að málskostnaður ákveðst kr. 2000.00.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Njarðvík, greiði stefnanda, Tanke Hjemgaard, kr. 44.225.00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1946 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvember 1953.

Nr. 185/1952. **Magnús Daníelsson f. h. ófjárráða barna sinna, Áslaugar Kristínar, Jórunnar Ingi-bjargar og Jóns Sigurðar** (Jón N. Sigurðsson) gegn

Hans Rödtang (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Ómerking kyrrsetningargerðar, fjárnámsgerðar og nauðungaruppboðs.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem með stefnu 9. desember 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar, hefur f. h. ófjárráða barna sinna skotið til Hæstaréttar héraðsdómi í máli stefnda á hendur honum ásamt eftirfarandi fjárnámsgerð og uppboðsgerð, gerir þessar dómkröfur.

1. Að héraðsdómi verði breytt á þá leið, að kyrrsetningargerð sú, sem þar ræðir um, verði úr gildi felld.

2. Að fjárnámsgerð, sem fram fór 30. apríl 1952 til tryggingar fjárkröfu stefnda á hendur áfrýjanda samkvæmt héraðsdómi svo og eftirfarandi uppboðsgerð frá 22. september 1952, verði felldar úr gildi.

3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Héraðsdómi í máli þessu hefur einungis verið áfrýjað að því er varðar staðfestingu kyrrsetningargerðar þeirrar, er fram fór í sumarbústað við Hafravatn hinn 15. ágúst 1951,